



Prestur: Sr. Baldur Rafn Sigurðsson

Einsöngur: María Rut Baldursdóttir,
Arney I. Sigurbjörnsdóttir,
Kristján Hrannar Pálsson

Kór: Kór Grindavíkurkirkju

Organisti: Kristján Hrannar Pálsson

Umsjón útfarar: Útfaraþjónusta Suðurnesja

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug
og bjóða til erfidrykkju í Gjánni að athöfn lokinni.



Ólafur Ragnar Sigurðsson

Fæddur 14. febrúar 1941

Dáinn 1. október 2025



Útför frá Grindavíkurkirkju
mánudaginn 13. október 2025

Forspil

Hótel Jörð

Tómas Guðmundsson / Heimir Sindrason

Signing & Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Matthías Jochumsson / Adams

Ritningarlestur

Heyr mína bæn, mildasti blær,
berðu kveðju mína' yfir höf,
syngdu honum saknaðarljóð.
Vanga hans blítt vermir þú sól
vörum mjúkum kysstu hans brá,
ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar, ykkar fegursta ljóðaval.
Flytjið honum, í indælum óði, ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd,
blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá,
daga langa, saman tvö ein,
heyр mínar bænir og þrá.

Ólafur Gaukur / Nicola Salerno

Ritningarlestur

Í faðmi fjallanna

Helgi Björnsson, Þormóður Eiríksson,Höfundur texta: Helgi Björnsson

Einsöngur

Guðspjall

Það gefur á bátinn við Grænland
og gustar um sigluna kalt,
en togarasjómanni tamast það er
að tala sem minnst um það allt.
En fugli, sem flýgur í austur,
er fylgt yfir hafið með þrá.
Og vestfirskur jökull, sem heilsar við Horn
í hilling með sólroðna brá,
segir velkominn heim, segir velkominn heim,
þau verma hin þögulu orð.
Sértu velkominn heim, yfir hafið og heim.
Þá er hlegið við störfín um borð.

En geigþungt er brimið við Grænland
og gista það kýs ekki neinn.
Hvern varðar um draum þess og vonir og þrár,
sem vakir þar hljóður og einn?
En handan við kólguna kalda
býr kona, sem fagnar í nótt
og raular við bláeygan, sofandi son,
og systur hans, þaggandi hljótt:
Sértu velkominn heim, sértu velkominn heim.
Að vestan er siglt gegnum ís.
Sértu velkominn heim, yfir hafið og heim.
Og Hornbjarg úr djúpinu rís.

Svavar Benediktsson / Kristján frá Djúpalek

Minningarorð

Þú komst í hlaðið

Davíð Stefánsson / Erl. lag

Einsöngur

Bæn & Faðir vor

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér.
Sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olú,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margret Scheving / 23. Davíðssálmur

Moldun

Ég er á langferð um lífsins haf
og löngum breytinga kenni.
Mér stefnu frelsarinn góður gaf,
ég glaður fer eftir henni.
Mig ber að dýrlegum, ljósum löndum,
þar lífsins tré gróa' á fögrum ströndum,
við sumaryl og sólardýrð.

Og stundum sigli ég blíðan byr
og bræðra samfylgd þá hlýt ég
og kjölfar hinna er fóru fyrr
án fyrirhafnar þá nýt ég.
Í sólarljósi er særinn friður
og sérhver dagurinn óðar líður,
er siglt er fyrir fullum byr.

Lát akker falla! Ég er í höfn.
Ég er með frelsara mínum.
Far vel, þú æðandi dimma dröfn,
vor Drottinn bregst eigi sínum.
Á meðan akker í ægi falla
ég alla vinina heyri kalla,
sem fyrri urðu hingað heim.

H. A. Tandberg - Vald. V. Snævarr

Blessun

Eftirspil

Tár á himnum

Eric Clapton / Þýðing: Örn Bárður Jónsson